

Fyrirspurn

til innanríkisráðherra um meiðyrðamál.

Frá Indriða Inga Stefánssyni.

1. Hver er fjöldi meiðyrðamála sem tekin eru fyrir árlega á hverju dómstigi, sundurliðað eftir ári undanfarin fimm ár?
2. Hver er málsmeðferðartími meiðyrðamála sem tekin hafa verið fyrir undanfarin fimm ár, þ.e. tíminn frá því að stefna eða áfrýjun er birt þangað til dómur er kveðinn upp á hverju dómstigi, sundurliðað eftir ári undanfarin fimm ár?
3. Hver er fjárhæð hins dæmda málskostnaðar í meiðyrðamálum undanfarinna fimm ára? Svar óskast sundurliðað eftir því hvorum málsaðila var dæmdur málskostnaður.
4. Í hvaða tilfellum undanfarin fimm ár var þeim sem vann meiðyrðamál ekki dæmdur málskostnaður?

Skriflegt svar óskast.